

Ed.

361. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannlutninga, skal árlega greiða í skatt til rikissjóðs 12 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða þriðjung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Enn fremur eru undanþegnar þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.